



## SKRIFLEG FYRIRSPURN



norden

Norðurlandaráð

**E 29/2016**

Fyrirspyrjandi:  
Jan Lindholm (MP)

Til:  
Ríkisstjórn Norðurlandanna

Málsnúmer: 16-00331-1

Til ríkisstjórna Norðurlandanna

### **Skrifleg fyrirspurn um siglingaöryggi á hafsvæðum norðurslóða**

Siglingaöryggi á hafsvæðum norðurslóða hefur verið á dagskrá Norðurlandaráðs um langt skeið. Norðurlandaráð hefur samþykkt mörg tilmæli þar að lútandi á liðnum árum. Norðurlandaráð metur mikils að alþjóðasamfélagið hefur gert margar ráðstafanir til að draga úr hættunni á slysum og mengun umhverfis á norðurslóðum, m.a. með því að samþykkja *Polar Code* og með samningum innan Norðurskautsráðsins.

Ennfremur horfir Norðurlandaráð til þess með ánægju að Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi við að auka siglingaöryggi á norðurslóðum. En margt er enn ógert. Hér er um að ræða mjög viðkvæmt svæði og gert er ráð fyrir aukinni umferð skipa í framtíðinni. Á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 3. nóvember 2016 var lögð fram skýrsla um þau verkefni sem Norræna ráðherranefndin tekur þátt í á þessu sviði. Því miður vantaði sambærilega skýrslu um hvað Norðurlöndin hvert í sínu lagi hafa gert. Því legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn:

- Hvað hafa ríkisstjórnir Norðurlandanna gert á síðastliðnum fimm árum til að draga úr hættunni á sjóslysum á norðurslóðum og til að takmarka neikvæð áhrif sjóslysa á umhverfið?
- Telja ríkisstjórnirnar að þörf sé frekari aðgerða og þá hverra?

17. nóvember 2016

*Jan Lindholm (MP)*